



Evrópsk húsakrybba (*Acheta domestica*) fannst á Leikskólanum Sólborg á Ísafirði.

Mynd fengin af vefsíðunni www.eurogrilli.it

Skordýr fannst í melónukassa á Leikskólanum Sólborg á Ísafirði þann 14 nóvember 2008.

Dýrið tilheyrir ætt krybba (Gryllidae) og er í ættbálk beinvængja (Orthoptera) ásamt engisprettum sem þeim er oft ruglað saman við.

Það er þekkt sem Evrópsk húsakrybba eða brún krybba og er hún mjög algeng í Evrópu. Hún er því líkleg til þess að vera skyld talandi krybbunni í Gosa sem kölluð var Tumi engispretta (þótt hún væri krybba).

Þessi tegund á líklega uppruna sinn í norður Afríku og miðausturlöndum en er nú dreifð um nær allan heim þótt hún lifi ekki villt á Íslandi.

Krybban sem fannst er um 3 cm löng og því meira en 5-6 vikna gömul (fullorðin). Hún er kvendýr því aftur úr henni má sjá eggpípu (sjá hvar ör bendir á myndinni) sem hún notar til þess að koma eggjum sínum undir efsta yfirborð jarðar.

Gyðlurnar (litlar krybbur) skriða úr eggjum og jafnvel þótt þær séu mjög litlar (um 3 mm) eru þær mjög líkar foreldrunum. Þær byrja að hreyfa sig og borða um leið og þær koma úr eggjum. Krybbur geta lifað allt að 4 mánuði í haldi en í miklum þéttleika éta þær oft hvora aðra.

Þær eru góðar í að stökkva enda er aftasta fótaparið jafn langt búknum auk þess sem þær hafa vængi.

Krybbu-karlar mynda hljóð (spila) til að lokka að kerlur. Það gera þeir með því að nudda saman framvængjunum.

Krybbur eru prótínríkar og eru því oft ræktaðar sem fóður fyrir gæludýr eins og eðlur, snáka og froska. Þurrvikt þeirra er um 65% prótín, 13% fita og nokkuð af fosfóri (P) en þær eru mjög kalksnauðar. Það vandamál er leyst með því að gefa þeim kalk að éta.